

Hverfisráð Hríseyjar

141. fundur

Miðvikudaginn, 17. mars 2021, kl 18:00 var haldinn 140. fundur hverfisráðs í Hlein.

Mætt voru: Ingólfur Sigfússon, Kristinn Frímann Árnason og Claudia Werdecker. Sóley Björk Stefánsdóttir bæjarfulltrúi og Ingibjörg Zophoníasdóttir þjónustufulltrúi Akureyrarbæjar í Hrísey voru áheyrnarfulltrúar fyrir hönd Akureyrarbæjar. Baldvin Valdemarsson sviðsstjóri atvinnu- og byggðaðróunar mætti fyrir hönd samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE).

Dagskrá:

- 1. Umsögn á endurskoðun samþykktar fyrir hverfisráð**
Hverfisráð fór yfir drög að endurskoðaðri samþykkt fyrir hverfisráðin í Hrísey og Grímsey sem Elín Dögg Guðjónsdóttir skjalastjóri sendi þann 5. mars 2020 með tölvupósti (2020020668 / 01-905) og gaf jákvæða umsögn.
- 2. Framkvæmdafé**
Ráðstöfun framkvæmdafjár 2021 rædd. Tekið var á móti tillögum frá íbúum rafrænt og í kjölfarið fundað með forstöðumanni umhverfis- og sorpmála og verkefnisstjóra umhverfis- og sorpmála og tillögur kynntar. Áherslur lágu í eftirfarandi þáttum:
 - a) Sjósundsvæði
 - b) Hátíðarsvæði
 - c) Göngustígar og áningarsvæði
- 3. Aðalfundur**
Hverfisráð leggur til að aðalfundur verði haldinn 13. apríl og að íbúafundur verði haldinn sama dag. Einnig kynnti formaður hverfisráðs þann möguleika að nýta rafrænar atkvæðagreiðslur á fundum.
- 4. Brothættar Byggðir**
Hverfisráð fagnar þeirri stefnu hjá SSNE að halda tengingu við byggðarlögin þar sem byggðarþróunarverkefnið Brothættar byggðir var að klárast.
- 5. Önnur mál**
Hverfisráð fagnar því að fjarskiptasjóður tilkynnti í mars 2021 að styrkur standi sveitarfélaginu til boða fyrir lagningu ljósleiðarastofnstrengs til Hríseyjar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 19:10.

Claudia Werdecker
Ingólfur Sigfússon
Kristinn Frímann Árnason

Fundargerð rituð af Claudiu Werdecker